



Skóla- og frístundaráð

Reykjavík, 17. október 2024

MSS24100090

EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 15.10.2024 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um sérstakt átak í ráðningum í lausar stöður á frístundaheimilum

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela mannauðs- og starfsumhverfissviði og skóla- og frístundasviði að fara í sérstakt átak í ráðningum í lausar stöður á frístundaheimilum og til að manna stöður frístundaheimila. Lagt er til að í áttakinu skuli m.a. leita óhefðbundinna leiða, s.s. með því að samþykkja sérstaka umbun fyrir starfsfólk í formi styrkja eða hlunninda og með því að leita samstarfs við hagsmunafélög eldra fólks og hagsmunasamtök námsmanna með það að markmiði að bjóða fólki úr þessum hópum störf á frístundaheimilum.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt með 22 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Viðreisnar og Flokks fólksins gegn atkvæði borgarfulltrúa Vinstri grænna að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Börn eru á veggangi vegna plássleysis á frístundaheimili sem rakið er til manneklu. Flokkur fólksins lagði til að borgarstjórn samþykki að fela mannauðs- og starfsumhverfissviði og skóla- og frístundasviði að fara í sérstakt átak í ráðningum í lausar stöður á frístundaheimilum og til að manna stöður frístundaheimila. Leita verður óhefðbundinna leiða s.s. með því að samþykkja sérstaka umbun fyrir starfsfólk í formi styrkja eða hlunninda. Árlega myndast langir biðlistar á frístundaheimilum þegar skólar hefjast á haustin. Horfa má til þessa merka áfanga sem náðist í kjarasamningum Eflingar og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Í fyrra var staðan sérstaklega slæm en þá voru 127 börn enn á biðlista þegar skólaárinu var að ljúka. Nú bíða á annað þúsund börn eftir að komast að á frístundaheimili og óvíst hvort og þá hvenær þau fá pláss þar. Leita mætti eftir samstarfi við Félag eldri borgara og önnur hagsmunafélög eldra fólks en vel kann að vera að fólk sem komið er af hefðbundnum vinnumarkaði hafi áhuga á hlutastörfum á frístundaheimili. Hægt er að semja við starfsfólk á einstaklingsgrunni. Einnig mætti leita eftir samstarfi við íþróttafélög og þá sem sinna æskulýðs- og tómstundastarfi til að koma inn í starf frístundaheimilanna.



Reykjavík



Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands leggja fram svohljóðandi bókun:

Sósíalistar taka undir það að grípa þurfi til aðgerða til að leysa vandann sem undirmönnun í frístund er. Frístundastarf er þó ekki starf sem hægt er að manna með fólki sem á bara að vera til staðar, án fagþekkingar eða skilnings á frístundastarfi með grunnskólabörnum, eða fólki sem ekki býr yfir starfsgetu sem hentar vinnustað eins og frístund er. Mönnunarvandinn sem steðjar að frístund er bundinn órjúfanlegum böndum við almennan mönnunarvanda í skólakerfinu og það skiptir höfuðmáli að skapa aðstæður sem laða kennara og annað fagfólk að til starfa í skólakerfinu. Það myndi léttu á þeirri þörf sem til staðar er og nýta þann mannauð í borginni sem er í boði umfram kennaramenntað fólk, eða annað fagfólk sem vantar í skólum borgarinnar. Bæta þarf starfskjör og -öryggi starfsfólks í frístund með því að hætta að ráða fólk inn á tímabundnum eins árs samningum og bjóða þess í stað upp á vinnu allt sumarið, það myndi gera starfið æskilegra eða eftirsóknarverðara fyrir námsmenn sem þurfa á slíku að halda á meðan sumarleyfum skóla stendur. Það væru allt aðgerðir sem myndu bæta mönnunarvanda frístundar.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Borgarstjórn Reykjavíkur
15. október 2024

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um sérstakt átak í ráðningum í lausar stöður á frístundaheimilum

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela mannauðs- og starfsumhverfissviði og skóla- og frístundasviði að fara í sérstakt átak í ráðningum í lausar stöður á frístundaheimilum og til að manna stöður frístundaheimila.

Lagt er til að í áttakinu skuli m.a. leita óhefðbundinna leiða, s.s. með því að samþykkja sérstaka umbun fyrir starfsfólk í formi styrkja eða hlunninda og með því að leita samstarfs við hagsmunafélög eldra fólks og hagsmunasamtök námsmanna með það að markmiði að bjóða fólki úr þessum hópum störf á frístundaheimilum.

Greinargerð

Tilgangurinn með tillögunni er að hugsa út fyrir boxið og nota óhefðbundnar aðferðir með það að markmiði að laða fólk til starfa á frístundaheimilum.

Árlega myndast langir biðlistar á frístundaheimilum þegar skólar hefjast á haustin. Ástæðan er m.a. mannekla. Í fyrra var staðan sérstaklega slæm en þá voru 127 börn enn á biðlista þegar skólaárinu var að ljúka. Nú bíða á annað þúsund börn eftir að komast að á frístundaheimili og óvíst hvort og þá hvenær þau fá pláss þar. Bregðast þarf við þessari stöðu með fleiri úrræðum til að auka mönnun. Leggja mætti áherslu á sérstaka umbun fyrir starfsfólk í formi styrkja eða hlunninda. Leita mætti einnig eftir samstarfi við Félag eldri borgara og önnur hagsmunafélög eldra fólks og einnig samtök námsmanna en vel kann að vera að fólk sem komið er af hefðbundnum vinnumarkaði hafi áhuga á hlutastörfum á frístundaheimili. Hægt er að semja við starfsfólk á einstaklingsgrunni. Einnig mætti leita eftir samstarfi við íþróttafélög og þá sem sinna æskulýðs- og tómstundastarfi til að koma inn í starf frístundaheimilanna.